

Fundargerð 78. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2022, mánudaginn 28. nóvember kl. 10:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Kristín Ólafsdóttir lögfræðingur, Freyr Eyjólfsson verkefnastjóri hringrásarhagkerfisins, Þorgerður M. Þorbjarnardóttir starfsmaður og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 77. fundar - 2210013SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 31. október sl., samþykkt.

2. Sniðmát fyrir útboð á sérstakri söfnun - 2112034SA

Einn af þremur hlutum átaksins „Samtaka um hringrásarhagkerfi“ hefur snúist um innkaup sveitarfélaga fyrir úrgangspjónustu. Sveitarfélög taka ákvörðun um hvort þau sinna sjálf eða útvista verkefnum um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu og vegna eigin stofnana. Framkvæmd innkaupa, útboða og samningar um verkefnið eru mikilvægir hlekkir í því að ná markmiðum í úrgangsmálum og tryggja að rekstur og þjónusta sé eins og sveitarfélag ákveður. VSÓ Ráðgjöf og Consensa var ráðgjafi í þessum hluta átaksins og var falið af sambandinu að vinna sniðmát fyrir sveitarfélög og ráðgjafa í úrgangsmálum sem hægt er að nota við útboð á sérstakri söfnun. Drög að sniðmáti liggja nú fyrir, dags. nóv. 2022, en sambærileg sniðmát eru aðgengileg á Norðurlöndum og eru drögin unnin að sænskri fyrirmynd.

Bryndís Skúladóttir sérfræðingur VSÓ Ráðgjöf kom á fundinn, kynnti drögin að sniðmáti og svaraði spurningum fundarmanna.

Verkefnisstjórn þakkar Bryndísi fyrir kynninguna og telur verkefnið vera mikilvægt innlegg í verkfærakistu sveitarfélaga við innleiðingu hringrásarhagkerfis. Mikilvægt er að sniðmátið fái frekari rýni en lögð er áhersla á að koma sniðmátinu sem fyrst til sveitarfélaganna.

3. Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA

Nýlegar lagabreytingar sem flestar koma til framkvæmda um áramót gera ráð fyrir miklum breytingum á framlengdri framleiðendaábyrgð og starfsemi Úrvinnslusjóðs. Verkefnisstjóri sem jafnframt á sæti í stjórn Úrvinnslusjóðs

greindi frá helstu málum er varða Úrvinnslusjóð og framlengda framleiðendaábyrgð. Helstu verkefni snúa að forsendum um raunkostnað sveitarfélaga við sérstaka söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs sem bera úrvinnslugjald, innleiðingu þrepaskiptra gjalda á vörur sem bera úrvinnslugjald og viðbrögð við ábendingum í skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Úrvinnslusjóðs. Líf Magneudóttir sem einnig situr í stjórn Úrvinnslusjóðs f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, tók einnig þátt í umfjöllun um þennan fundarlið og lýsti sinni sýn á vinnu innan stjórnar Úrvinnslusjóðs frá því að hún kom inn.

Einnig greindi Jón Viggó Gunnarsson almennt frá vinnu starfshóps um fyrirkomulag framleiðendaábyrgðar og helstu áskorunum sem þar eru til umfjöllunar, þar sem m.a. er mikið fjallað um leiðir til að auka gagnsæi í starfsemi Úrvinnslusjóðs. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili niðurstöðum á næsta ári.

4. Söfnun og meðhöndlun veiðarfæraúrgangs - 2009107SA

Rúmt ár er síðan stjórn Úrvinnslusjóðs ákvað, með meirihluta atkvæða, að vísa endurnýjuðum samningi sjóðsins við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) um söfnun og aðra meðhöndlun veiðarfæraúrgangs til staðfestingar umhverfis- og auðlindaráðherra. Samningurinn hefur ekki enn verið staðfestur en gildandi samningur er frá 2005 og ljóst er að ákveðnar brotalamir hafa verið á samningnum og framkvæmd hans.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykktu ekki tillöguna þar sem þeir töldu m.a. að ekki væri samningsgrundvöllur á meðan enn væri ósvarað spurningum um hver er ábyrgð sveitarfélaga þegar kemur að úrgangs veiðarfærum er innihalda plast, bæði varðandi ábyrgð hafna sem og móttöku- og söfnunarsvæði úrgangs í eigu sveitarfélaga. Komið hefur í ljós að markmiðum um endurvinnslu veiðarfæra hefur ekki verið náð og núverandi leiðbeiningar SFS leiða til þess að töluverðu magni veiðarfæra er m.a. skilað beint inn á móttökusvæði úrgangs innan hafna og greiða því handhafar þessa úrgangs fyrir meðhöndlun hans en ekki framleiðendur eins og ætlast er til. Í umsögnum Umhverfisstofnunar, frá 17. ágúst og 21. september 2021, um samningsdrögin kemur fram að stofnunin telur fyrirbyggjandi drög að samningi ekki þjóna markmiðum laga um úrvinnslugjald. Fjallað var um málið á síðasta Hafnarsambandsþingi auk þess sem verkefnisstjóri kom á fund stjórnar Hafnarsambandsins þann 18. nóvember sl. og sagði frá málinu.

Lúðvík Geirsson og Björn Haraldur Hilmarsson frá Hafnarsambandinu, Líf Magneudóttir sem situr í stjórn Úrvinnslusjóðs og Hildur Hauksdóttir og Sigurgeir Bárðarson frá SFS komu á fundinn og kynntu sýn SFS á söfnun veiðarfæraúrgangs, ásamt því að svara spurningum fundarmanna. SFS tilkynnti að þau séu að vinni að innleiðingu á grundvelli nýs samnings þótt hann hafi ekki verið staðfestur og jafnframt telur SFS að flestar ábendingar sem borist hafa við samninginn snúist um framkvæmdina áður (gamlar syndir). Fram kom m.a. að sá munur er á eldri og nýja samningnum er að veiðarfæragerðir hér á landi staðfesta aðild að nýja samningnum.

Lúðvík lýsti afstöðu Hafnasambands Íslands um að þörf sé á að skapa breiðari

samstöðu um fyrirkomulag veiðarfærasöfnunar áður en gengið er frá nýjum samningi. En HÍ vildi jafnframt koma á framfæri ánægju með að SFS hafi sýnt með aðgerðum undanfarið ríkan vilja til að taka á eldri vandamálum og bæta söfnunina. Þörf sé á að skerpa á ábyrgð á framkvæmd en viðruð var hugmynd um að gengið sé út frá ákveðnum reynslutíma og að á grundvelli þeirrar reynslu verði gengið frá endanlegum samningi. Fleiri fundarmenn tóku undir þessu sjónarmið HÍ og töldu jafnframt æskilegt að sveitarfélög fengu heimild til að vísa veiðarfæraúrgangi frá urðunarstöðum og söfnunarstöðum í rekstri sveitarfélaga. Jafnframt lýsti Eygerður helstu sjónarmiðum varðandi þörf fyrir úrbætur á samningnum og bentu m.a. á að samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar voru urðuð 1.157 tonn af veiðarfærum árið 2020. Fram komu viðbrögð SFS við þeim ábendingum og vísuðu til framkvæmdar um að a.m.k. sumar ábendingar sveitarfélaga eigi ekki við, eins og árangur af framkvæmd samningsins gefi til kynna.

Formaður verkefnisstjórnar þakkaði góðar kynningar og umræðu og hvatti til þess að aðilar fundi um málið, með aðkomu Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis, helst fyrir jól. Fékk sú tillaga jákvæðar viðtökur af hálfu fundarmanna ásamt því að SFS hvatti fundarmenn til að senda þeim ábendingar um atriði sem betur mætti fara.

5. Aðkoma sveitarfélaga að byggingar- og niðurrifsúrgangi - 2211010SA

Sambandið hefur látið vinna minnisblað, dags. nóv. 2022, um aðkomu sveitarfélaga að söfnun byggingar- og niðurrifsúrgangs og skyldur þeirra til að ná markmiðum sem um slíkan úrgang gilda um endurvinnslu og endurnýtingu. Niðurstaðan er að sveitarfélög bera ekki ábyrgð á að markmiði um 70% endurnýtingarhlutfall byggingar- og niðurrifsúrgang verði náð, heldur einungis að á móttöku- og söfnunarstöð sé aðstaða til flokkunar þessa úrgangs, sem stuðlar að því að markmiðið náist. Samkvæmt 10. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með þeim breytingum sem taka gildi 1. janúar 2023 verður skylt að flokka byggingar- og niðurrifsúrgangur í a.m.k. spilliefni, timbur, steinefni, málm, gler, plast og gifs. Ljóst virðist að flokkunarskyldan liggi hjá byggingaraðilanum, en í lögunum kemur ekki ótvírætt fram hvort flokkunin skuli fara fram á byggingarstað eða hvort nægjanlegt sé að flokka úrganginn þegar komið er með hann á móttöku- og söfnunarstöð á vegum sveitarfélagsins. Ákvæði um þetta er hins vegar að finna í byggingarreglugerð.

Verkefnisstjórn tekur undir niðurstöður minnisblaðsins og telur mikilvægt að í reglugerð um meðhöndlun úrgangs verði kveðið skýrt á um skyldur sveitarfélaga til að taka á móti flokkuðum byggingarúrgangi einnig að uppfæra þurfi handbók um úrgangsstjórnun sveitarfélaga hvað þetta varðar.

6. Innleiðing breyttrar innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs - 2112034SA

Um áramót verður gerð krafa til sveitarfélaga að breyta innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs í anda mengunarbótareglu og innleiða svokallað Borgað þegar hent er (BPHE) kerfi. Sambandið hefur í samstarfi við Húsnaðis- og mannvirkjastofnun (HMS) ráðist í tilraunaverkefnið „BPHE hraðall“ með þátttöku þátttöku Ísafjarðarbæjar og Grímsnes- og

Grafningsshrepps í verkefninu. Til að styðja við þessar breytingar er í skoðun að vinna hugbúnaðarlausn fyrir sveitarfélög sem vilja nýta Álagningarkerfi HMS við að innheimta í takt við BPHE og nota rýmisleiðina. Með lausninni yrði notendum gert kleift að skrá sig inn á island.is með rafrænum skilríkjum, skoða hvaða ílát undir úrgang þeir eru að greiða af við sitt heimili og breyta þjónustunni annaðhvort til hækkunar eða lækkunar á kostnaði viðkomandi fyrir meðhöndlun úrgangs (sorphirðugjöld).

Fjóla María Ágústsdóttir sem leiðir stafræna umbreytingu sveitarfélaganna kom á fundinn og sagði frá verkefninu.

Verkefnisstjórn er hlynnt því að þróunarvinnu með HMS verði haldið áfram og telur mikla þörf vera fyrir þjónustumiðað stafrænt kerfi.

7. Átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi og verkefni eftir áramót - 2112034SA

Átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi, sem sambandið stendur að með stuðningi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, er langt komið en því er ætlað að styðja sveitarfélög við innleiðingu laga um hringrásarhagkerfi sem samþykkt voru í júní 2021. Fulltrúar sambandsins og SORPU bs. hittu umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þann 18. nóvember sl. og sögðu frá innleiðingu laganna. Verkefnisstjóri og sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sögðu frá stöðu átaksins og þeim verkefnum sem eru í undirbúningi fyrir næsta ár. Verkefnisstjórn var m.a. upplýst um ábendingar sem sambandið hefur sent ráðuneytinu um drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs.

8. Önnur mál - 2009111SA

Ákveðið að næsti fundur verkefnisstjórnar yrði staðfundur þann 19. desember kl. 11:30.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 19. desember nk. kl. 11.30-14. Verður hann staðfundur í Borgartúni 30.

Fundi var slitið kl. 12:00

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Stefán Aspar Stefánsson